Hagtíðindi
Statistical Series

Þjóðhagsreikningar
National accounts

2012:12 • 10. september 2012

# Fjármál hins opinbera á 2. ársfjórðungi 2012

*Quarterly government accounts, 2nd quarter 2012*

*Samantekt* Tekjuafkoma hins opinbera var neikvæð 12,3 milljarða króna á 2. ársfjórðungi 2012 sem er nokkru hagstæðari niðurstaða en á sama tíma 2011 er hún var neikvæð um 18,6 milljarða króna. Tekjuhallinn nam 2,9% af landsframleiðslu ársfjórðungsins og 6,7% af tekjum hins opinbera.

**Mynd 1. Tekjuafkoma hins opinbera sem hlutfall af VLF ársfjórðungs[1]**
*Figure 1. General government financial balance as percent of quarterly GDP[1]*




[1] 192 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs á töpuðum kröfum vegna veðlána Seðlabanka Íslands á 4. ársfj. 2008 er ekki talin með í heildargjöldum og sömuleiðis ekki 55,5 milljarða áfallin ríkisábyrgð á 4. ársfj. 2010. *The central government debt assumption of 192 billion ISK in 4. quarter 2008 is excluded from total expenditure and as well 55.5 billion ISK in 4. quarter 2010 due to called quarantees.*

Heildartekjur hins opinbera hækkuðu um ríflega 10% milli 2. ársfjórðungs 2011 og 2012 eða úr 166,3 milljörðum króna í 183,4 milljarða króna. Skatttekjur og tryggingagjöld skiluðu hinu opinbera 157,5 milljörðum króna samanborið við 142,1 milljarð króna á sama ársfjórðungi 2011. Tekjuhækkunin skýrist fyrst og fremst af rúmlega 8 milljarða króna aukningu í tekjusköttum og ríflega 3 milljarða króna aukningu í vöru- og þjónustusköttum.

Heildarútgjöld hins opinbera hækkuðu um 5,9% á sama tíma eða úr 184,8 milljörðum króna 2011 í 195,7 milljarða króna 2012. Stærstu útgjaldaliðirnir eru laun sem áætluð eru 64,3 milljarðar króna, kaup á vöru og þjónustu 48,8 milljarðar króna og félagslegar tilfærslur til heimila 33,5 milljarðar króna. Útgjaldahækkunin milli tímabilanna skýrist fyrst og fremst af 4,7 milljarða króna

Hagstofa Íslands

aukningu í launakostnaði, ríflega 3 milljarða króna hækkun í vaxtagjöldum og 1,4 milljarða króna aukningu í fjárfestingu.

**Mynd 2. Peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af VLF**
*Figure 2. Central government financial assets and liabilities as percent of GDP*




Heildarskuldir ríkissjóðs námu 1.938 milljörðum króna í lok 2. ársfjórðungs 2012 eða sem svarar 111,2% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Að teknu tilliti til peningalegra eigna var hrein peningaleg eign ríkissjóðs, þ.e. peningalegar eignir umfram skuldir, neikvæð um 804 milljarða króna í lok þessa ársfjórðungs eða sem svarar 46,1% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Til samanburðar var hrein peningaleg eign ríkissjóðs neikvæð um 42,2% af landsframleiðslu á sama ársfjórðungi 2011 og 35,5% á sama ársfjórðungi 2010. Hrein peningaleg eign ríkissjóðs versnaði því um 117 milljarða króna milli 2. ársfjórðungs 2011 og 2012.

## Hið opinbera

*Heildartekjur hins opinbera á 2. ársfjórðungi 2012 hækkuðu um ríflega 10% frá sama tíma 2011 og námu 183,4 milljörðum króna*

Heildartekjur hins opinbera, þ.e. ríkissjóðs, almannatrygginga og sveitarfélaga, eru áætlaðar 183,4 milljarðar króna á 2. ársfjórðungi 2012 samanborið við 166,3 milljarð króna á sama tímabili 2011 og hækkuðu um ríflega 10% milli ára. Skatttekjur og tryggingagjöld skiluðu hinu opinbera 157,5 milljörðum króna samanborið við 142,1 milljarði króna á sama ársfjórðungi 2011 eins og lesa má úr töflu 5. Tekjuhækkunin skýrist fyrst og fremst af rúmlega 8 milljarða króna aukningu í tekjusköttum og ríflega 3 milljarða króna aukningu í vöru- og þjónustusköttum.

*… á sama tíma hækkuðu útgjöldin um 5,9% og námu 195,7 milljörðum króna á 2. ársfjórðungi 2012*

Á 2. ársfjórðungi 2012 benda áætlanir til þess að heildarútgjöld hins opinbera hafi verið 195,7 milljarðar króna samanborið við 184,8 milljarða króna árið 2011, og nemur hækkunin 5,9% milli ára. Stærstu útgjaldaliðirnir eru laun sem áætluð eru 64,3 milljarðar króna, kaup á vöru og þjónustu 48,8 milljarðar króna og félagslegar tilfærslur til heimila 33,5 milljarðar króna. Þá er talið að vaxtagjöld hins opinbera hafi verið 22,2 milljarðar króna á 2. ársfjórðungi 2012 og opinber fjárfesting 8,6 milljarðar króna. Hækkun í útgjöldum hins opinbera milli 2. ársfjórðungs 2011 og 2012 skýrist fyrst og fremst af 4,7 milljarða króna aukningu í launakostnaði, rúmlega 3 milljarða króna hækkun í vaxtagjöldum og 1,4 milljarða króna aukningu í fjárfestingu.

*Tekjuafkoma hins opinbera var neikvæð um 12,3 milljarða króna á 2. ársfjórðungi 2012*

Tekjuafkoma hins opinbera reyndist neikvæð um 12,3 milljarða króna á 2. ársfjórðungi 2012 sem er nokkuð hagstæðari niðurstaða en á sama tíma 2011 er hún var neikvæð um 18,6 milljarða króna. Tekjuhallinn nam 2,9% af landsframleiðslu ársfjórðungsins eða 6,7% af tekjum hins opinbera.

**Tafla 1. Fjárhagur hins opinbera á 2. ársfjórðungi 2011 og 2012**
*Table 1. General government finances in 2nd quarter 2011 and 2012*

| Fjárhæðir í milljörðum króna *Figures in billion ISK* | 2011 2. ársfj. *2nd quart.* | 2012 2. ársfj. *2nd quart.* | Breyting, % *Change, %* | 2010 | 2011 | Breyting, % *Change, %* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Heildartekjur *Revenue* | 166,3 | 183,4 | 10,3 | 637,3 | 680,9 | 6,8 |
| 2. Heildarútgjöld *Expenditure* | 184,8 | 195,7 | 5,9 | 791,9 | 769,3 | -2,8 |
| 2.1 Fjárfesting *Investment* | 7,2 | 8,6 | 18,8 | 44,7 | 29,5 | -34,0 |
| 3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) *Financial bal. (3 = 1 - 2)* | -18,6 | -12,3 | • | -154,6 | -88,5 | • |
| 4. Tekjujöfnuður % af tekjum *Fin. bal. % of revenue* | -11,2 | -6,7 | • | -24,3 | -13,0 | • |
| 5. Tekjujöfnuður % af VLF *Financial bal. % of GDP* | -4,7 | -2,9 | • | -10,1 | -5,4 | • |

## Ríkissjóður

*Tekjuhalli ríkissjóðs var 15 milljarðar króna á 2. ársfjórðungi 2012, eða 3,6% af áætlaðri landsframleiðslu ársfjórðungsins*

Bráðabirgðatölur benda til þess að heildartekjur ríkissjóðs á rekstrargrunni hafi verið 132,6 milljarðar króna á 2. ársfjórðungi 2012 og heildarútgjöld 147,6 milljarðar króna. Tekjujöfnuður ríkissjóðs er því neikvæður um 15 milljarða króna á þeim ársfjórðungi, eða sem nemur 3,6% af landsframleiðslu ársfjórðungsins. Samkvæmt þessu hafa tekjur ríkissjóðs hækkað um 10,7% frá sama tíma 2011, en útgjöldin um 6,3%. Tekjujöfnuðurinn er því hagstæðari en á 2. ársfjórðungi 2011 er hann var neikvæður um 19 milljarða króna eða 4,8% af landsframleiðslu þess ársfjórðungs.

**Tafla 2. Fjárhagur ríkissjóðs á 2. ársfjórðungi 2011 og 2012**
*Table 2. Central government finances in 2nd quarter 2011 and 2012*

| Fjárhæðir í milljörðum króna *Figures in billion ISK* | 2011 2. ársfj. *2nd quart.* | 2012 2. ársfj. *2nd quart.* | Breyting, % *Change, %* | 2010 | 2011 | Breyting, % *Change, %* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Heildartekjur *Revenue* | 119,8 | 132,6 | 10,7 | 470,8 | 495,8 | 5,3 |
| 2. Heildarútgjöld *Expenditure* | 138,8 | 147,6 | 6,3 | 614,4 | 588,4 | -4,2 |
| 2.1 Fjárfesting *Investment* | 3,2 | 4,8 | 49,7 | 23,5 | 13,2 | -43,8 |
| 3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) *Financial bal. (3 = 1 - 2)* | -19,0 | -15,0 | • | -143,6 | -92,6 | • |
| 4. Tekjujöfnuður % af tekjum *Fin. bal. % of revenue* | -15,8 | -11,3 | • | -30,5 | -18,7 | • |
| 5. Tekjujöfnuður % af VLF *Financial bal. % of GDP* | -4,8 | -3,6 | • | -9,4 | -5,7 | • |

Skattar og tryggingagjöld skiluðu ríkissjóði 114,3 milljörðum króna, eða 86,2% tekna hans. Þar af skiluðu skattar á vöru og þjónustu 48 milljörðum króna, skattar á tekjur og hagnað 40,5 milljörðum króna og tryggingagjöldin 16,7 milljörðum króna. Á gjaldahlið ríkissjóðs eru fjárframlög til almannatrygginga og sveitarfélaga umfangsmesti útgjaldaliðurinn en þau námu 46,6 milljörðum króna á öðrum árs-

fjórðungi 2012. Launaútgjöld ríkissjóðs námu 33 milljörðum króna og kaup á vöru og þjónustu 23,7 milljörðum króna eins og lesa má í töflu 6.

*Hrein peningaleg eign ríkissjóðs hefur versnað um 117 milljarða króna milli 2. ársfjórðungs 2011 og 2012*

Peningalegar eignir ríkissjóðs voru 1.135 milljarðar króna í lok 2. ársfjórðungs 2012 eða sem nemur 65,1% af landsframleiðslu og hafa þær hækkað um 18,6 milljarða króna frá sama ársfjórðungi 2011 en mælast þó 3,5 prósentustigum lægra hlutfall af landsframleiðslu eins og fram kemur í töflu 9. Á sama tíma hafa skuldir ríkissjóðs aukist um 136 milljarða króna, en þær námu 1.938 milljörðum króna í lok 2. ársfjórðungs 2012 samanborið við 1.803 milljarða króna á 2. ársfjórðungi 2011. Sem hlutfall af landsframleiðslu námu þær 111,2%. Þessi þróun hefur haft í för með sér að hrein peningaleg eign ríkissjóðs, þ.e. peningalegar eignir umfram skuldir, varð neikvæð um 804 milljarða króna í lok 2. ársfjórðungs 2012 eða sem svarar til 46,1% af landsframleiðslu. Til samanburðar var hrein peningaleg eign ríkissjóðs neikvæð um 42,2% af landsframleiðslu á sama ársfjórðungi 2011 og 35,5% á sama ársfjórðungi 2010. Hrein peningaleg eign ríkissjóðs versnaði því um 117 milljarða króna milli ára.

## Sveitarfélög

*Tekjuafkoma sveitarfélaga var jákvæð á 2. ársfjórðungi 2012*

Heildartekjur sveitarfélaga á 2. ársfjórðungi 2012 eru áætlaðar 58,2 milljarðar króna og heildarútgjöld um 57,4 milljarðar króna. Tekjuafkoma þess ársfjórðungs er því jákvæð. Þetta er nokkru hagstæðari niðurstaða en á sama tíma 2011 þegar tekjuafkoman var neikvæð um 1 milljarð króna. Tekjur sveitarfélaga hafa hækkað um 8,8% frá sama tíma í fyrra en útgjöldin um 5,2%.

*Þrír fimmtu hlutar tekna sveitarfélaga eru útsvarstekjur.*

Útsvarstekjur skiluðu sveitarfélögunum 35 milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi 2012, eða rúmlega 60% tekna þeirra. Aðrir skattar skiluðu rúmlega 8 milljörðum króna, fjárframlög frá ríkissjóði 5,7 milljörðum og aðrar tekjur 9,3 milljörðum króna. Launagreiðslur eru umfangsmesti útgjaldaliður sveitarfélaganna, eða um 46,4% útgjaldanna, en 26,6 milljarðar króna voru greiddir í laun á öðrum ársfjórðungi 2012. Kaup á vöru og þjónustu námu 17,6 milljörðum króna og fjárfestingin 3,8 milljörðum króna.

**Tafla 3. Fjárhagur sveitarfélaga á 2. ársfjórðungi 2011 og 2012**
*Table 3. Local government finances in 2nd quarter 2011 and 2012*

| Fjárhæðir í milljörðum króna *Figures in billion ISK* | 2011 2. ársfj. *2nd quart.* | 2012 2. ársfj. *2nd quart.* | Breyting, % *Change, %* | 2010 | 2011 | Breyting, % *Change, %* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Heildartekjur *Revenue* | 53,5 | 58,2 | 8,8 | 192,6 | 214,8 | 11,5 |
| 2. Heildarútgjöld *Expenditure* | 54,5 | 57,4 | 5,2 | 205,6 | 217,0 | 5,5 |
| 2.1 Fjárfesting *Investment* | 4,0 | 3,8 | -6,0 | 21,2 | 16,3 | -23,1 |
| 3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) *Financial bal. (3 = 1 - 2)* | -1,0 | 0,8 | • | -12,9 | -2,1 | • |
| 4. Tekjujöfnuður % af tekjum *Fin. bal. % of revenue* | -1,9 | 1,4 | • | -6,7 | -1,0 | • |
| 5. Tekjujöfnuður % af VLF *Financial bal. % of GDP* | -0,3 | 0,2 | • | -0,8 | -0,1 | • |

## Gagna- og aðferðalýsing

*Fjármál hins opinbera og undirgeira þess eru sett fram á rekstrargrunni*

Áætlanir um tekjur og gjöld ríkissjóðs byggjast á gögnum frá Fjársýslu ríkisins. Reynt er að meta tekjur og gjöld á rekstrargrunni í samræmi við uppgjör þjóðhagsreikninga, ekki á greiðslugrunni eins og mánaðarhefti ríkissjóðs sýna. Rekstrargrunnur felur í sér að skuldbindingar eru færðar til tekna eða gjalda þegar til þeirra er stofnað óháð því hvenær greiðslur fara fram. Við mat á fjármálum sveitarfélaganna er byggt á úrtaki stærstu sveitarfélaga landsins, sem náð hefur til um fjögurra fimmtu hluta íbúafjöldans, og hefur það verið uppfært til heildar. Tölur um fjárfestingu sveitarfélaganna eru háðar nokkurri óvissu og er því að hluta byggt á fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna fyrir árið ásamt ársfjórðungstölum úrtaksins.

Hagstofan leggur hér megináherslu á tekjuafkomuna við mat á afkomu hins opinbera. En annar mælikvarði er einnig notaður, en það er rekstrarafkoma. Munurinn á rekstrarjöfnuði og tekjujöfnuði er sá að rekstrarjöfnuður sýnir niðurstöðu rekstrarreiknings eftir að afskriftir hafa verið gjaldfærðar en tekjujöfnuður sýnir niðurstöðuna eftir að fjárfesting hefur verið dregin frá rekstrarjöfnuði, en þá eru afskriftir ekki gjaldfærðar. Munur þessara tveggja mælikvarða felst því í muninum á afskriftum og fjárfestingu. Ef fjárfestingin er hærri en afskriftir verður tekjujöfnuðurinn lakari en rekstrarjöfnuðurinn eða sem nemur þeim mun.

## English summary

The financial balance (or net lending/borrowing) of the general government (i.e. the central government, the social security funds and the local governments) was 12.3 billion ISK in deficit in the 2nd quarter of 2012 or 2.9% of quarterly GDP and 6.7% of general government total revenue. This can be compared with 18.6 billion ISK in deficit in the 2nd quarter of 2011 or 4.7% of GDP in that quarter.

The general government total revenue increased by 10% between the 2nd quarters of 2011 and 2012, or from 166.3 billion ISK to 183.4 billion ISK. This is mainly explained by increased revenue from income taxes (8bn ISK) and taxes on goods and services (3bn ISK). The total expenditure increased at the same time by 5.9% or from 184.8 billion ISK in 2011 to 195.7 billion ISK in 2012. The main reasons are a 4.7 billion ISK increase in wages and salaries, more than 3 billion ISK increase in interest expenditure and a 1.4 billion ISK increase in investment.

The central government total liabilities at the end of the 2nd quarter 2012 amounted to 1,938 billion ISK or 111.2% of the GDP. Taking account of its financial assets, the net financial assets, i.e. financial assets less liabilities, was negative by 804 billion ISK or 46.1% of the GDP, compared with a negative net financial asset of 42.2% of the GDP in the same period in 2011 and 35.5% in 2010. Consequently, the central government net financial asset position has deteriorated by 117 billion ISK between the 2nd quarters 2011 and 2012.

The revenue and expenditure figures for the general government and its sub-sectors are presented on an accrual basis and in line with national accounts principles whereas the monthly figures on central government published by the Financial Management Authority (Fjársýsla ríkisins) are on cash basis. Accrual basis means that flows are recorded when they are established regardless of when the actual payments are made. The data presented here, both for the central and local governments, are preliminary.

## Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2009–2012
*Table 4. Quarterly Government Finances 2009–2012*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna *Billion ISK at current prices* | Heildartekjur *Total revenue* *(1)* | Heildar-útgjöld *Total expenditure* *(2)* | – þar af fjárfesting *– thereof investment* *(2.1)* | Tekju-jöfnuður *Financial balance* *(3=1-2)* | Tekjujöfnuður hlutfall af heildartekjum *Financial balance % of total revenue* | Tekju-jöfnuður hlutfall af VLF *Financial balance % of GDP* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hið opinbera** *The General Government* | | | | | | |
| **2009** | **614,3** | **763,3** | **52,6** | **-149,0** | **-24,3** | **-10,0** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 149,1 | 175,5 | 9,3 | -26,4 | -17,7 | -1,8 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 147,2 | 188,9 | 14,2 | -41,7 | -28,3 | -2,8 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 155,2 | 193,0 | 18,4 | -37,8 | -24,3 | -2,5 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 162,8 | 205,9 | 10,8 | -43,2 | -26,5 | -2,9 |
| **2010** | **637,3** | **791,9** | **44,7** | **-154,6** | **-24,3** | **-10,1** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 153,7 | 175,0 | 8,5 | -21,3 | -13,9 | -1,4 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 156,1 | 182,3 | 11,0 | -26,2 | -16,8 | -1,7 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 165,4 | 185,8 | 14,3 | -20,4 | -12,3 | -1,3 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 162,2 | 248,9 | 10,8 | -86,7 | -53,4 | -5,6 |
| **2011** | **680,9** | **769,3** | **29,5** | **-88,5** | **-13,0** | **-5,4** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 161,2 | 174,5 | 5,5 | -13,3 | -8,3 | -0,8 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 166,3 | 184,8 | 7,2 | -18,6 | -11,2 | -1,1 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 178,5 | 192,9 | 9,4 | -14,4 | -8,0 | -0,9 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 174,9 | 217,1 | 7,4 | -42,2 | -24,1 | -2,6 |
| **2012** | **....** | **....** | **....** | **....** | **....** | **....** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 179,4 | 187,6 | 5,8 | -8,2 | -4,6 | -0,5 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 183,4 | 195,7 | 8,6 | -12,3 | -6,7 | -0,7 |
| **Ríkissjóður** *The Central Government* | | | | | | |
| **2009** | **447,4** | **571,1** | **31,4** | **-123,6** | **-27,6** | **-8,3** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 107,0 | 128,4 | 3,8 | -21,4 | -20,0 | -1,4 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 105,2 | 137,9 | 8,0 | -32,7 | -31,1 | -2,2 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 113,7 | 146,1 | 12,6 | -32,3 | -28,4 | -2,2 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 121,5 | 158,7 | 7,0 | -37,2 | -30,6 | -2,5 |
| **2010** | **470,8** | **614,4** | **23,5** | **-143,6** | **-30,5** | **-9,4** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 112,0 | 133,9 | 3,9 | -21,9 | -19,6 | -1,4 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 115,4 | 138,6 | 5,8 | -23,2 | -20,1 | -1,5 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 123,4 | 140,6 | 8,0 | -17,2 | -13,9 | -1,1 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 119,9 | 201,3 | 5,7 | -81,4 | -67,9 | -5,3 |
| **2011** | **495,8** | **588,4** | **13,2** | **-92,6** | **-18,7** | **-5,7** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 118,4 | 130,8 | 2,0 | -12,4 | -10,5 | -0,8 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 119,8 | 138,8 | 3,2 | -19,0 | -15,8 | -1,2 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 130,4 | 147,7 | 4,5 | -17,3 | -13,3 | -1,1 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 127,1 | 171,0 | 3,4 | -43,9 | -34,5 | -2,7 |
| **2012** | **....** | **....** | **....** | **....** | **....** | **....** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 131,5 | 141,3 | 2,4 | -9,8 | -7,4 | -0,6 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 132,6 | 147,6 | 4,8 | -15,0 | -11,3 | -0,9 |

Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2009–2012 (frh.)
*Table 4. Quarterly Government Finances 2009–2012 (cont.)*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna *Billion ISK at current prices* | Heildartekjur *Total revenue (1)* | Heildar- útgjöld *Total expenditure (2)* | – þar af fjárfesting *– thereof investment (2.1)* | Tekju- jöfnuður *Financial balance (3=1-2)* | Tekjujöfnuður hlutfall af heildartekjum *Financial balance % of total revenue* | Tekju- jöfnuður hlutfall af VLF *Financial balance % of GDP* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Sveitarfélög** ***The Local Governments*** | | | | | | |
| **2009** | **189,3** | **204,2** | **21,2** | **-15,0** | **-7,9** | **-1,0** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 47,0 | 50,4 | 5,5 | -3,4 | -7,1 | -0,2 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 47,3 | 53,0 | 6,1 | -5,7 | -12,0 | -0,4 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 47,5 | 50,3 | 5,7 | -2,8 | -5,8 | -0,2 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 47,4 | 50,6 | 3,8 | -3,2 | -6,7 | -0,2 |
| **2010** | **192,6** | **205,5** | **21,2** | **-12,9** | **-6,7** | **-0,8** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 47,7 | 49,4 | 4,6 | -1,7 | -3,5 | -0,1 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 47,2 | 52,1 | 5,2 | -4,8 | -10,2 | -0,3 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 48,6 | 52,0 | 6,3 | -3,4 | -7,0 | -0,2 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 49,0 | 52,0 | 5,1 | -3,0 | -6,1 | -0,2 |
| **2011** | **214,8** | **217,0** | **16,3** | **-2,1** | **-1,0** | **-0,1** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 49,4 | 51,7 | 3,5 | -2,4 | -4,8 | -0,1 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 53,5 | 54,5 | 4,0 | -1,0 | -1,9 | -0,1 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 56,1 | 55,3 | 4,9 | 0,8 | 1,3 | 0,0 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 55,9 | 55,4 | 3,9 | 0,5 | 0,9 | 0,0 |
| **2012** | **....** | **....** | **....** | **....** | **....** | **....** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 54,5 | 54,6 | 3,3 | -0,1 | -0,2 | 0,0 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 58,2 | 57,4 | 3,8 | 0,8 | 1,4 | 0,0 |
| **Almannatryggingar** ***The Social Security Funds*** | | | | | | |
| **2009** | **133,6** | **144,1** | **0,1** | **-10,4** | **-7,8** | **-0,7** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 31,4 | 33,7 | 0,0 | -2,2 | -7,0 | -0,1 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 33,8 | 37,4 | 0,0 | -3,6 | -10,5 | -0,2 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 32,1 | 34,4 | 0,0 | -2,3 | -7,2 | -0,2 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 36,3 | 38,6 | 0,0 | -2,3 | -6,5 | -0,2 |
| **2010** | **142,9** | **141,0** | **0,0** | **2,0** | **1,4** | **0,1** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 36,0 | 34,4 | 0,0 | 1,5 | 4,3 | 0,1 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 36,0 | 34,1 | 0,0 | 1,9 | 5,3 | 0,1 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 35,0 | 34,7 | 0,0 | 0,3 | 0,9 | 0,0 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 35,9 | 37,8 | 0,0 | -1,8 | -5,0 | -0,1 |
| **2011** | **160,4** | **154,2** | **0,0** | **6,2** | **3,9** | **0,4** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 36,4 | 35,2 | 0,0 | 1,1 | 3,1 | 0,1 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 38,5 | 37,7 | 0,0 | 0,8 | 2,1 | 0,0 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 42,6 | 40,0 | 0,0 | 2,6 | 6,1 | 0,2 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 43,0 | 41,3 | 0,0 | 1,7 | 3,9 | 0,4 |
| **2012** | .... | .... | .... | .... | .... | .... |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 39,2 | 37,8 | 0,0 | 1,5 | 3,8 | 0,1 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 39,4 | 37,7 | 0,0 | 1,6 | 4,1 | 0,1 |

**Tafla 5. Tekjur og gjöld hins opinbera eftir ársfjórðungum 2011–2012**
*Table 5. Quarterly General Government Revenue and Expenditure 2011–2012*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna *Billion ISK at current prices* | 2011 Alls *Total* | 2011 Ársfjórðungar (Á) *Quarters (Q)* I | II | III | IV | 2012 Á *Q* I | 2012 Á *Q* II |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1 Heildartekjur *Total revenue*** | **680,9** | **161,2** | **166,3** | **178,5** | **174,9** | **179,4** | **183,4** |
| 11 Skatttekjur *Taxes* | 517,7 | 122,9 | 126,3 | 137,2 | 131,3 | 139,1 | 140,8 |
| 111 Skattar á tekjur *Taxes on revenue* | 266,2 | 61,3 | 67,5 | 69,7 | 67,7 | 70,8 | 75,6 |
| 112 Skattar á laun *Taxes on payroll* | 2,9 | 0,7 | 0,7 | 0,7 | 0,7 | 0,7 | 0,7 |
| 113 Eignarskattar *Property taxes* | 37,4 | 9,6 | 9,4 | 9,3 | 9,2 | 10,9 | 10,6 |
| 114 Skattar á vöru og þjónustu *Taxes on goods and services* | 197,3 | 47,8 | 45,4 | 53,8 | 50,3 | 52,2 | 48,6 |
| 115 Skattar á alþjóðaviðskipti *Taxes on international trade* | 7,3 | 1,9 | 1,4 | 1,7 | 2,2 | 1,6 | 2,0 |
| 116 Aðrir skattar *Other taxes* | 6,6 | 1,6 | 1,8 | 2,0 | 1,1 | 2,9 | 3,3 |
| 12 Tryggingagjöld *Social contributions* | 66,8 | 15,7 | 15,8 | 17,5 | 17,8 | 16,2 | 16,7 |
| 13 Fjárframlög *Grants* | 2,9 | 0,6 | 0,7 | 0,8 | 0,8 | 0,7 | 0,8 |
| 14 Aðrar tekjur *Other revenue* | 93,4 | 22,0 | 23,4 | 23,0 | 25,0 | 23,4 | 25,1 |
| **2 Heildarútgjöld *Total expenditure*** | **769,3** | **174,5** | **184,8** | **192,9** | **217,1** | **187,6** | **195,7** |
| 21 Laun *Wages* | 236,1 | 54,3 | 59,6 | 60,4 | 61,8 | 59,2 | 64,3 |
| 22 Kaup á vöru og þjónustu *Use of goods and services* | 190,2 | 46,0 | 47,8 | 46,3 | 50,1 | 48,9 | 48,8 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | 35,1 | 8,5 | 8,6 | 8,9 | 9,0 | 9,1 | 9,3 |
| 24 Vaxtagjöld *Interest* | 83,5 | 19,7 | 19,1 | 22,5 | 22,2 | 21,9 | 22,2 |
| 25 Framleiðslustyrkir *Subsidies* | 28,2 | 7,1 | 7,1 | 6,9 | 7,0 | 7,4 | 7,5 |
| 26 Fjárframlög *Grants* | 4,5 | 0,8 | 1,2 | 1,0 | 1,5 | 0,8 | 1,2 |
| 27 Félaglegar tilfærslur til heimila *Social benefits* | 138,8 | 31,6 | 33,5 | 36,8 | 36,9 | 33,8 | 33,5 |
| 28 Önnur útgjöld *Other expenditure* | 58,6 | 9,3 | 9,3 | 9,7 | 30,2 | 9,8 | 9,6 |
| 31 Fjárfesting *Net acquisition of nonfinancial assets* | 29,5 | 5,5 | 7,2 | 9,4 | 7,4 | 5,8 | 8,6 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | -35,1 | -8,5 | -8,6 | -8,9 | -9,0 | -9,1 | -9,3 |
| **Tekjujöfnuður (1-2) *Net lending / borrowing (NLB)*** | **-88,5** | **-13,3** | **-18,6** | **-14,4** | **-42,2** | **-8,2** | **-12,3** |
| **Tekjujöfnuður % af tekjum *NLB % of total revenue*** | **-13,0** | **-8,3** | **-11,2** | **-8,0** | **-24,1** | **-4,6** | **-6,7** |
| **Tekjujöfnuður % af VLF *NLB % of GDP*** | **-5,4** | **-0,8** | **-1,1** | **-0,9** | **-2,6** | **-0,5** | **-0,7** |
| **Heildartekjur % af VLF *Total revenue % of GDP*** | **41,9** | **9,9** | **10,2** | **11,0** | **10,8** | **10,4** | **10,6** |
| **Heildargjöld % af VLF *Total expenditure % of GDP*** | **47,3** | **10,7** | **11,4** | **11,9** | **13,4** | **10,9** | **11,4** |

**Tafla 6. Tekjur og gjöld ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2011–2012**

*Table 6. Quarterly Central Government Revenue and Expenditure 2011–2012*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna / *Billion ISK at current prices* | 2011 Alls *Total* | 2011 Ársfjórðungar (Á) *Quarters (Q)* I | II | III | IV | 2012 Á *Q* I | 2012 Á *Q* II |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1 Heildartekjur *Total revenue*** | **495,8** | **118,4** | **119,8** | **130,4** | **127,1** | **131,5** | **132,6** |
| 11 Skatttekjur *Taxes* | 362,0 | 87,9 | 87,5 | 95,7 | 90,9 | 98,9 | 97,6 |
| 111 Skattar á tekjur *Taxes on revenue* | 140,2 | 33,7 | 36,3 | 35,7 | 34,6 | 38,6 | 40,5 |
| 112 Skattar á laun *Taxes on payroll* | 2,9 | 0,7 | 0,7 | 0,7 | 0,7 | 0,7 | 0,7 |
| 113 Eignarskattar *Property taxes* | 9,8 | 2,7 | 2,5 | 2,4 | 2,3 | 3,4 | 3,2 |
| 114 Skattar á vöru og þjónustu *Taxes on goods and services* | 195,2 | 47,3 | 44,8 | 53,1 | 50,0 | 51,7 | 48,0 |
| 115 Skattar á alþjóðaviðskipti *Taxes on international trade* | 7,3 | 1,9 | 1,4 | 1,7 | 2,2 | 1,6 | 2,0 |
| 116 Aðrir skattar *Other taxes* | 6,6 | 1,6 | 1,8 | 2,0 | 1,1 | 2,9 | 3,3 |
| 12 Tryggingagjöld *Social contributions* | 66,8 | 15,7 | 15,8 | 17,5 | 17,8 | 16,2 | 16,7 |
| 13 Fjárframlög *Grants* | 9,4 | 2,1 | 2,3 | 2,5 | 2,6 | 2,3 | 2,5 |
| 14 Aðrar tekjur *Other revenue* | 57,6 | 12,8 | 14,2 | 14,7 | 15,8 | 14,1 | 15,8 |
| **2 Heildarútgjöld *Total expenditure*** | **588,4** | **130,8** | **138,8** | **147,7** | **171,0** | **141,3** | **147,6** |
| 21 Laun *Wages* | 121,1 | 27,9 | 30,6 | 30,6 | 32,0 | 30,5 | 33,0 |
| 22 Kaup á vöru og þjónustu *Use of goods and services* | 91,5 | 21,6 | 22,9 | 22,9 | 24,1 | 24,0 | 23,7 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | 25,6 | 6,2 | 6,3 | 6,5 | 6,6 | 6,6 | 6,8 |
| 24 Vaxtagjöld *Interest* | 75,6 | 17,7 | 17,2 | 20,5 | 20,2 | 19,8 | 20,2 |
| 25 Framleiðslustyrkir *Subsidies* | 24,5 | 6,2 | 6,2 | 6,0 | 6,1 | 6,4 | 6,5 |
| 26 Fjárframlög *Grants* | 187,7 | 42,5 | 45,6 | 49,4 | 50,2 | 45,2 | 46,6 |
| 27 Félaglegar tilfærslur til heimila *Social benefits* | 28,1 | 6,4 | 6,8 | 7,1 | 7,8 | 6,1 | 6,4 |
| 28 Önnur útgjöld *Other expenditure* | 46,8 | 6,4 | 6,4 | 6,7 | 27,3 | 6,7 | 6,4 |
| 31 Fjárfesting *Net acquisition of nonfinancial assets* | 13,2 | 2,0 | 3,2 | 4,5 | 3,4 | 2,4 | 4,8 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | -25,6 | -6,2 | -6,3 | -6,5 | -6,6 | -6,6 | -6,8 |
| **Tekjujöfnuður (1-2) *Net lending / borrowing (NLB)*** | **-92,6** | **-12,4** | **-19,0** | **-17,3** | **-43,9** | **-9,8** | **-15,0** |
| **Tekjujöfnuður % af tekjum *NLB % of total revenue*** | **-18,7** | **-10,5** | **-15,8** | **-13,3** | **-34,5** | **-7,4** | **-11,3** |
| **Tekjujöfnuður % af VLF *NLB % of GDP*** | **-5,7** | **-0,8** | **-1,2** | **-1,1** | **-2,7** | **-0,6** | **-0,9** |
| **Heildartekjur % af VLF *Total revenue % of GDP*** | **30,5** | **7,3** | **7,4** | **8,0** | **7,8** | **7,6** | **7,7** |
| **Heildargjöld % af VLF *Total expenditure % of GDP*** | **36,2** | **8,0** | **8,5** | **9,1** | **10,5** | **8,2** | **8,6** |

**Tafla 7. Tekjur og gjöld sveitarfélaga eftir ársfjórðungum 2011–2012**
*Table 7. Quarterly Local Government Revenue and Expenditure 2011–2012*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna<br>*Billion ISK at current prices* | 2011<br>Alls<br>*Total* | Ársfjórðungar (Á) *Quarters (Q)*<br>I | <br>II | <br>III | <br>IV | 2012<br>Á *Q*<br>I | <br>Á *Q*<br>II |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1 Heildartekjur *Total revenue*** | **214,8** | **49,4** | **53,5** | **56,1** | **55,9** | **54,5** | **58,2** |
| 11 Skatttekjur *Taxes* | 155,7 | 35,0 | 38,8 | 41,5 | 40,4 | 40,2 | 43,2 |
| 111 Skattar á tekjur *Taxes on revenue* | 126,0 | 27,6 | 31,3 | 34,0 | 33,1 | 32,2 | 35,1 |
| 112 Skattar á laun *Taxes on payroll* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 113 Eignarskattar *Property taxes* | 27,6 | 6,9 | 6,9 | 6,9 | 6,9 | 7,4 | 7,4 |
| 114 Skattar á vöru og þjónustu *Taxes on goods and services* | 2,1 | 0,5 | 0,6 | 0,6 | 0,3 | 0,5 | 0,6 |
| 115 Skattar á alþjóðaviðskipti *Taxes on international trade* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 116 Aðrir skattar *Other taxes* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 12 Tryggingagjöld *Social contributions* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 13 Fjárframlög *Grants* | 24,8 | 5,6 | 5,9 | 6,7 | 6,7 | 5,0 | 5,7 |
| 14 Aðrar tekjur *Other revenue* | 34,3 | 8,8 | 8,8 | 7,9 | 8,8 | 9,3 | 9,3 |
| **2 Heildarútgjöld *Total expenditure*** | **217,0** | **51,7** | **54,5** | **55,3** | **55,4** | **54,6** | **57,4** |
| 21 Laun *Wages* | 98,1 | 22,5 | 24,7 | 25,5 | 25,5 | 24,4 | 26,6 |
| 22 Kaup á vöru og þjónustu *Use of goods and services* | 67,0 | 16,8 | 16,9 | 16,1 | 17,1 | 17,5 | 17,6 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | 9,5 | 2,3 | 2,3 | 2,4 | 2,4 | 2,5 | 2,5 |
| 24 Vaxtagjöld *Interest* | 7,9 | 2,0 | 2,0 | 2,0 | 2,0 | 2,1 | 2,1 |
| 25 Framleiðslustyrkir *Subsidies* | 3,3 | 0,8 | 0,8 | 0,8 | 0,8 | 0,9 | 0,9 |
| 26 Fjárframlög *Grants* | 1,2 | 0,3 | 0,3 | 0,3 | 0,3 | 0,3 | 0,3 |
| 27 Félaglegar tilfærslur til heimila *Social benefits* | 12,1 | 3,0 | 3,0 | 3,0 | 3,0 | 3,2 | 3,2 |
| 28 Önnur útgjöld *Other expenditure* | 11,0 | 2,7 | 2,7 | 2,7 | 2,7 | 2,9 | 2,9 |
| 31 Fjárfesting *Net acquisition of nonfinancial assets* | 16,3 | 3,5 | 4,0 | 4,9 | 3,9 | 3,3 | 3,8 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | -9,5 | -2,3 | -2,3 | -2,4 | -2,4 | -2,5 | -2,5 |
| **Tekjujöfnuður (1-2) *Net lending / borrowing (NLB)*** | **-2,1** | **-2,4** | **-1,0** | **0,8** | **0,5** | **-0,1** | **0,8** |
| **Tekjujöfnuður % af tekjum *NLB % of total revenue*** | **-1,0** | **-4,8** | **-1,9** | **1,3** | **0,9** | **-0,2** | **1,4** |
| **Tekjujöfnuður % af VLF *NLB % of GDP*** | **-0,1** | **-0,1** | **-0,1** | **0,0** | **0,0** | **0,0** | **0,0** |
| **Heildartekjur % af VLF *Total revenue % of GDP*** | **13,2** | **3,0** | **3,3** | **3,4** | **3,4** | **3,0** | **3,2** |
| **Heildargjöld % af VLF *Total expenditure % of GDP*** | **13,3** | **3,2** | **3,4** | **3,4** | **3,4** | **3,0** | **3,2** |

## Tafla 8. Tekjur og gjöld almannatrygginga eftir ársfjórðungum 2011–2012

*Table 8. Quarterly Social Security Funds Revenue and Expenditure 2011–2012*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna *Billion ISK at current prices* | 2011 Alls *Total* | 2011 Ársfjórðungar (Á) *Quarters (Q)* I | II | III | IV | 2012 Á *Q* I | Á *Q* II |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1 Heildartekjur *Total revenue*** | **160,4** | **36,4** | **38,5** | **42,6** | **43,0** | **39,2** | **39,4** |
| 11 Skatttekjur *Taxes* | – | – | – | – | – | – | – |
| 111 Skattar á tekjur *Taxes on revenue* | – | – | – | – | – | – | – |
| 112 Skattar á laun *Taxes on payroll* | – | – | – | – | – | – | – |
| 113 Eignarskattar *Property taxes* | – | – | – | – | – | – | – |
| 114 Skattar á vöru og þjónustu *Taxes on goods and services* | – | – | – | – | – | – | – |
| 115 Skattar á alþjóðaviðskipti *Taxes on international trade* | – | – | – | – | – | – | – |
| 116 Aðrir skattar *Other taxes* | – | – | – | – | – | – | – |
| 12 Tryggingagjöld *Social contributions* | – | – | – | – | – | – | – |
| 13 Fjárframlög *Grants* | 158,9 | 36,0 | 38,1 | 42,2 | 42,6 | 38,8 | 39,0 |
| 14 Aðrar tekjur *Other revenue* | 1,5 | 0,4 | 0,4 | 0,4 | 0,4 | 0,4 | 0,4 |
| **2 Heildarútgjöld *Total expenditure*** | **154,2** | **35,2** | **37,7** | **40,0** | **41,3** | **37,8** | **37,7** |
| 21 Laun *Wages* | 16,9 | 4,0 | 4,3 | 4,3 | 4,3 | 4,3 | 4,7 |
| 22 Kaup á vöru og þjónustu *Use of goods and services* | 31,7 | 7,6 | 7,9 | 7,3 | 8,9 | 7,4 | 7,5 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 24 Vaxtagjöld *Interest* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 25 Framleiðslustyrkir *Subsidies* | 0,3 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 |
| 26 Fjárframlög *Grants* | 5,8 | 1,3 | 1,4 | 1,5 | 1,6 | 1,3 | 1,4 |
| 27 Félaglegar tilfærslur til heimila *Social benefits* | 98,5 | 22,1 | 23,7 | 26,7 | 26,1 | 24,4 | 23,9 |
| 28 Önnur útgjöld *Other expenditure* | 0,8 | 0,2 | 0,2 | 0,2 | 0,2 | 0,2 | 0,2 |
| 31 Fjárfesting *Net acquisition of nonfinancial assets* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| **Tekjujöfnuður (1-2) *Net lending / borrowing (NLB)*** | **6,2** | **1,1** | **0,8** | **2,6** | **1,7** | **1,5** | **1,6** |
| **Tekjujöfnuður % af tekjum *NLB % of total revenue*** | **3,9** | **3,1** | **2,1** | **6,1** | **3,9** | **3,8** | **4,1** |
| **Tekjujöfnuður % af VLF *NLB % of GDP*** | **0,4** | **0,1** | **0,0** | **0,2** | **0,1** | **0,1** | **0,1** |
| **Heildartekjur % af VLF *Total revenue % of GDP*** | **9,9** | **2,2** | **2,4** | **2,6** | **2,6** | **2,3** | **2,3** |
| **Heildargjöld % af VLF *Total expenditure % of GDP*** | **9,5** | **2,2** | **2,3** | **2,5** | **2,5** | **2,2** | **2,2** |

**Tafla 9. Peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2010–2012**

*Table 9. Central Government Financial Accounts on quarterly basis 2010–2012*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna | 2010 | 2011 | | | | 2012 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Billion ISK at current prices* | Á *Q* | Ársfjórðungar (Á) *Quarters (Q)* | | | | Á *Q* | Á *Q* |
| | IV | I | II | III | IV | I | II |
| **Peningalegar eignir** ***Financial assets*** | **1.043,9** | **1.071,2** | **1.116,2** | **1.044,8** | **1.148,9** | **1.146,8** | **1.134,8** |
| Sjóður og bankareikningar *Currency and deposits* | 318,4 | 343,4 | 442,8 | 382,0 | 533,7 | 513,9 | 515,8 |
| Lánveitingar *Loans* | 248,0 | 258,3 | 204,5 | 190,6 | 147,0 | 158,7 | 155,9 |
| Hlutafé *Shares and other equity* | 343,6 | 343,9 | 343,4 | 344,1 | 343,3 | 345,5 | 334,0 |
| Viðskiptakröfur *Other accounts receivables* | 133,8 | 125,7 | 125,6 | 128,1 | 124,9 | 128,7 | 129,1 |
| **Skuldir** ***Liabilities*** | **1.629,1** | **1.716,9** | **1.802,6** | **1.767,5** | **1.865,1** | **1.896,7** | **1.938,3** |
| Verðbréf *Securities* | 624,0 | 685,2 | 715,0 | 703,9 | 732,5 | 765,8 | 780,0 |
| Lántökur *Loans* | 611,9 | 639,6 | 688,9 | 667,3 | 736,0 | 704,0 | 711,0 |
| Innlend lán *Domestic loans* | 270,8 | 286,8 | 277,9 | 280,0 | 288,2 | 282,1 | 286,1 |
| Erlend lán *Foreign loans* | 341,1 | 352,7 | 411,0 | 387,4 | 447,8 | 421,9 | 424,9 |
| Lífeyrisskuldbindingar *Insurance technical reserves* | 339,8 | 339,4 | 345,1 | 345,1 | 345,1 | 373,0 | 373,0 |
| Viðskiptaskuldir *Other accounts payable* | 53,4 | 52,7 | 53,6 | 51,2 | 51,5 | 53,9 | 74,3 |
| **Hrein peningaleg eign** ***Net financial assets*** | **-585,3** | **-645,6** | **-686,4** | **-722,7** | **-716,2** | **-749,9** | **-803,5** |
| **Hlutfall af landsframleiðslu** ***Per cent of GDP*** | | | | | | | |
| **Peningalegar eignir** ***Financial assets*** | **67,9** | **65,9** | **68,6** | **64,2** | **70,6** | **65,8** | **65,1** |
| Sjóður og bankareikningar *Currency and deposits* | 20,7 | 21,1 | 27,2 | 23,5 | 32,8 | 29,5 | 29,6 |
| Lánveitingar *Loans* | 16,1 | 15,9 | 12,6 | 11,7 | 9,0 | 9,1 | 8,9 |
| Hlutafé *Shares and other equity* | 22,4 | 21,1 | 21,1 | 21,2 | 21,1 | 19,8 | 19,2 |
| Viðskiptakröfur *Other accounts receivables* | 8,7 | 7,7 | 7,7 | 7,9 | 7,7 | 7,4 | 7,4 |
| **Skuldir** ***Liabilities*** | **106,0** | **105,6** | **110,8** | **108,7** | **114,7** | **108,9** | **111,2** |
| Verðbréf *Securities* | 40,6 | 42,1 | 44,0 | 43,3 | 45,0 | 44,0 | 44,8 |
| Lántökur *Loans* | 39,8 | 39,3 | 42,4 | 41,0 | 45,3 | 40,4 | 40,8 |
| Innlend lán *Domestic loans* | 17,6 | 17,6 | 17,1 | 17,2 | 17,7 | 16,2 | 16,4 |
| Erlend lán *Foreign loans* | 22,2 | 21,7 | 25,3 | 23,8 | 27,5 | 24,2 | 24,4 |
| Lífeyrisskuldbindingar *Insurance technical reserves* | 22,1 | 20,9 | 21,2 | 21,2 | 21,2 | 21,4 | 21,4 |
| Viðskiptaskuldir *Other accounts payable* | 3,5 | 3,2 | 3,3 | 3,1 | 3,2 | 3,1 | 4,3 |
| **Hrein peningaleg eign** ***Net financial assets*** | **-38,1** | **-39,7** | **-42,2** | **-44,4** | **-44,0** | **-43,0** | **-46,1** |

Hagtíðindi
Statistical Series
97. árg. • 30. tbl.
ISSN 0019-1078

Þjóðhagsreikningar
*National accounts*
2012:12
ISSN 1670-4657 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4665 (rafræn útgáfa *PDF*)
Verð kr. *Price ISK* 900 • € 7
Umsjón *Supervision* Jóhann Rúnar Björgvinsson • johann.bjorgvinsson@hagstofa.is
Sími *Telephone* +(354) 528 1000
Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099
© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland
Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*
www.hagstofa.is/hagtidindi *www.statice.is/series*